

Skólaráðsfundur 14. nóvember kl.8:30

Mættir: Karlotta og Elísabet fulltrúar nemenda, Helga Dögg og Karl fulltrúar foreldra, Elsa og Guðrún Þ. fulltrúar kennara, Guðný fulltrúi starfsfólks, Aðalbjörg og Árni.

Fundarritari: Árni

Samræmd könnunarpróf í 4. -7. bekk

Menntamálastofnun birti grunnskólum niðurstöðurnar út frá raðeinkunnum og í þeim er hægt að sjá hvar skólinn stendur miðað við landið. Niðurstöður samræmdra prófa hjá 4. bekk, samkvæmt raðeinkunnum, í báðum námsgreinum sýna að hópurinn í heild er að jafnaði á svipuðu róli og landið í íslensku og í stærðfræði kemur hópurinn að jafnaði betur út en landið. Niðurstöður samræmdra prófa í 7. bekk, samkvæmt raðeinkunnum, í báðum námsgreinum sýna að hópurinn í heild kemur að jafnaði betur út en landið. Stjórnendur ásamt kennurum hafa sett upp skipulag sem miðar að því að styrkja grunninn hjá þeim sem þess þurfa.

Niðurstöður úr Skólapúlsi

Niðurstöður úr októbermælingu sýna mjög jákvæðar niðurstöður. Útrak er tekið úr 6. og 7. bekk, um 50 nemendur samtals. Marktækur munur í jákvæða átt, miðað við landið, mælist í flestum þáttum en þessir þættir eru einkum : Virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla-og bekkjarandi.

Drög að jólahaldi í desember

Hefðbundnir dagskrárliðir halda sessi s.s. vettvangsferð í Bústaðakirkju, útiballið, helgileikur 7. bekkinga og jólaleikrit 6. bekkinga.

Húsnæðismál

Foreldri kom að máli við stjórnendur og gerði athugasemdir við loftgæði í Vesturlandi þar sem foreldið og barn viðkomandi hafa átt við veikindi að stríða. Í kjölfar þessa kölluðu stjórnendur til fulltrúa frá Umhverfis-og skipulagssviði (USK) sem fékk óháðan aðila þ.e. Mannvit til að gera úttekt á loftgæðum. Helstu niðurstöður eru þær að líklegast er talið að gamlar rakaskemmdir hafi bundist við ryk og fengið að liggja lengi á ákveðnum stöðum og náð að dreifa sér með loftflæði um bygginguna. Í niðurstöðum frá Mannvit er mælt með að skynsamlegt væri að fjarlægja byggingarefni sem hefur skemmst af raka og að alþríf fari fram. Stjórnendur hafa óskað eftir fundi með Verkefnastjóra búnaðar- og húsnæðismála og fulltrúa frá USK til að fara yfir hvernig bregðast skuli við niðurstöðum. Brunaúttekt fór fram í Útlandi 12. nóv. og mun kennsla hjá 4. bekk hefjast á föstudag 16. nóvember.

Teymiskennsla

Í foreldrahópnum hafa komið óskir um að kynna þurfi betur fyrir foreldrum teymiskennslu. Stjórnendur og stjórn foreldrafélagsins hafa ákveðið að hafa fræðslufund um teymiskennslu fyrir foreldra. Fyrirhugað er að fræðsluerindið fari fram fljótlega á nýju ári og að fenginn verði sérfræðingur í kennslufræði frá HÍ til að fjalla um málið. Rætt var um að upplýsingar frá skólanum væru einnig á ensku.

Sérstakur liður á fundinum – nemendafélagið

Stjórnendur og nemendaráð mun ræða um að setja leikreglur um snjóboltasvæði á lóð skólans.

Önnur mál:

- Nemendur í 7. bekk fara til Danmerkur í byrjun júní 2019.
- Jólafundur FFF verður laugardaginn 17. nóvember kl. 11:00-14:00.